

Góðan dag

Skíðafélagi Strandamanna (SFS) er mikil ánægja að segja frá því að fest hafi verið kaup á nýlegum snjótroðara, sem kom loks í Selárdal þann 19. Desember. Snjótroðarinn er fluttur inn frá Austurríki og er að gerðinni Pisten Bully 100, árgerð 2015. Hann er nokkuð nettur og lipur og við bindum vonir við að hann reynist okkar sívaxandi starfsemi vel.

Félagið á eldri snjótroðara, Formatic 650 árgerð 2006, sem er kominn nokkuð til ára sinna og ekki eru lengur framleiddir varahlutir fyrir þessa tegund og ógerlegt að treysta sig á óáreiðanleg tæki, sérstaklega þegar fjármögnun félagsins byggir í síauknu mæli á skíðanámskeiðum og mótahaldi. Mikill tími fór í viðgerðir á gamla troðaranum á síðast liðnu ári og þarfnast hann enn þó nokkurs viðhalds og óvíst er hvernig til tekst.

Barnastarf SFS heldur áfram að vera mjög öflugt. Við erum með þrjár æfingar í viku yfir vetratímamann. Auk þess bjóðum við upp á fimm skíðagöngunámskeið í vetur. Strandagangan er árlegur viðburður sem hefur stækkað jafnt og þétt, en á síðasta ári tóku rúmlega 200 einstaklingar þátt. Í vetur heldur félagið einnig sitt þriðja skíðaskotfimimót og síðan stefnum við á að halda okkar fyrsta FIS bikarmót í mars 2025. Mikil vinna hefur átt sér stað í brautargerð inn í Selárdal og eiga bæði vélamenn, sjálfboðaliðar, styrkveitendur og ekki síst landeigendur miklar þakkir skilið fyrir að styðja við bakið á skíðafélaginu. Í haust fengum við loks sérfræðing frá FIS (Fédération Internationale de Ski et de Snowboard) í tveggja daga heimsókn til að gera alþjóðlega gæðaúttekt á keppnisbrautunum okkar sem eru nú á lokametrunum með að fá umrædda FIS vottun. Slík vottun opnar enn meiri möguleika á alþjóðlegu samstarfi, sem einnig kallar á trausta og faglega snjótroðslu.

Það eru spennandi tímar framundan hjá skíðafélaginu og að þessum sökum var tekin ákvörðun um að fjárfesta í nýjum og traustum snjótroðara fyrir félagið. Félagsmenn SFS eru nú mjög spenntir að taka nýja troðarann í notkun fyrir komandi vetrarstarf.

Um er að ræða gríðarlega stóra og hugrakka fjárfestingu fyrir lítið félag, sem er að mestu rekið í sjálfboðaliðastarfi. Troðarinn kostaði 18 milljónir og því biðlum við til fyrirtækja í nærsamfélögum SFS við að aðstoða okkur með frjálsum framlögum.

Ef ykkar fyrirtæki vill og hefur tök á að styrkja okkur þá er hægt að leggja inn á snjótroðara-reikning félagsins:

1161-15-202019

Kt: 510100-2120

SFS er á almannaheillaskrá hjá Skattinum. Einstaklingar og fyrirtæki sem styrkja félagið með beinum fjárframlögum geta því fengið endurgreiðslu frá skatti. Hægt er að senda okkur kvittun í tölvupósti og fá senda kvittun vegna styrkgreiðslu.

Með von um jákvæð viðbrögð,

Fyrir hönd Skíðafélags Strandamanna

Heiðrún Harðardóttir, framkvæmdastjóri.